

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Tálknafjarðar 1985-2005 frá 2. desember 1985 með síðari breytingum. Ráðherra hefur veitt undanþágu frá ákvæðum laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Umhverfissráðuneytinu, 15. desember 2006.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2007